

5. gr.

Lögtaksréttur er á vangoldnum útsvarsgreiðslum samkvæmt reglum þessum, eftir þeim ákvæðum, sem gilda um lögtök fyrir vangoldnum opinberum gjöldum. 3. marz

22

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Neskaupstaðar samkvæmt lögum nr. 100 30. desember 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. marz 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Gyðu Halldórs- dóttur hárgreiðslukonu“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráð- herra 22. febrúar 1944. 23 22. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Gyðu Halldórsdóttur hárgreiðslukonu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Gyðu Halldórsdóttur hárgreiðslukonu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af föður hennar, Halldóri Jónssyni, unnusta hennar, Ólafi Jónssyni, og öðru venzlafólki, við andlát hennar 25. marz 1943.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3650.00 — þrjú þúsund sex hundruð og fimmtíu krónur. — Fé sjóðsins skal ávaxta í ríkistrygðum verðbréfum eða á annan jafntryggilegan hátt. Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja stúlkur í Reykjavík, sem lokið hafa burtfararprófi úr Iðnskólanum í Reykjavík og sveinsprófi í einhverri handiðn, til framhaldsnáms við Iðnskólann í Reykjavík.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en þegar vaxtatekjur hans eru orðnar kr. 200.00 á ári, má verja $\frac{1}{2}$ þeirra samkvæmt 4. gr. Öðrum tekjum sjóðsins, svo sem gjöfum, áheitum, tillögum o. fl., má verja á sama hátt, nema önnur ákvæði fylgi framlaginu, en $\frac{1}{2}$ vaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstól sjóðsins.

6. gr.

Á meðan ekki er starfræktur dagskóli við Iðnskólann í Reykjavík eða verkleg og fræðileg framhaldsnámskeið, leggjast allar árstekjur sjóðsins við höfuðstól hans.

23

7. gr.

22. febr. Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík stjórnar sjóðnum og úthlutar styrkjum úr honum.

8. gr.

Fé því, sem sjóðstjórnin ákveður að úthluta árlega, samkvæmt 4. gr., skal úthluta 1. des. ár hvert.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir og skrá í hana ákvarðanir sínar um úthlutun úr sjóðnum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta nema til samrimingar löggjöf, er kynni að koma í bága við ákvæði hennar.

12. gr.

Leita skal ríkisstjórastaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

24

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1943.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	22000.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	10040.11	
			kr. 35040.11
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	1078.00	
b. — ríkisskuldabréfum	—	165.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	244.25	
			— 1487.25
			Kr. 36527.36

Gjöld:

1. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	22000.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	11527.36	
			kr. 36527.36
			Kr. 36527.36

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.